

Tilkynning til notendaráðs vegna fyrirhugaðrar afgreiðslu starfsleyfisumsóknar Skálatúns

Til : Sigurbjörg Fjölinsdóttir
Frá : Rósa Guðrún Sólberg <rosa.gudrun@gef.is>
Heiti : Tilkynning til notendaráðs vegna fyrirhugaðrar afgreiðslu starfsleyfisumsóknar Skálatúns
Málsnúmer : 202011207
Málsaðili : Skálatún
Skráð dags : 17.11.2020 10:51:24
Höfundur : Rósa Guðrún Sólberg <rosa.gudrun@gef.is>

Tilvísun í mál: FRN19050129

Sigurbjörg Fjölinsdóttir

b.t. Notendaráð fatlaðs fólks í Mosfellsbæ

Þann 20. maí 2019 barst Gæða- og eftirlitsstofnun félagsþjónustu og barnaverndar umsókn frá Þóreyju I Guðmundsdóttur (Helga Hróðmarssyni) f.h. Skálatúns ses. um starfsleyfi til að reka þjónustu skv. [lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018](#) Umsóknin byggir á 7. gr. laganna og [reglugerð um starfsleyfi til einkaaðila sem veita þjónustu við fatlað fólk nr. 856/2020](#).

Sótt er um starfsleyfi til að reka eftirfarandi þjónustu samkvæmt lögnum:

- Stoðþjónustu samkvæmt 8. grein.
- Herbergjasambýli skv. bráðabirgðaákvæði II laganna.
- Búsetu fyrir fatlað fólk skv. 9. gr. laganna.
- Atvinnu- og hæfingartengda þjónustu skv. 1. og 2. mgr. 24. gr. laganna.

Starfsemin fer fram í húsnæði Skálatúns að Skálahlíð 1-15, 270 Mosfellsbæ.

Gæða- og eftirlitsstofnun félagsþjónustu og barnaverndar hefur nú aflað þeirra gagna sem nauðsynleg eru til að meta hvort starfsemin uppfylli skilyrði til að reka þessa þjónustu. Í samræmi við það er nú fyrirhuguð útgáfa starfsleyfis fyrir starfsemina til 31. desember 2021.

Samkvæmt 7. gr. reglugerðar um starfsleyfi til einkaaðila sem veita þjónustu við fatlað fólk ber að tilkynna notendaráði í því sveitarfélagi þar sem þjónustan á að fara fram um fyrirhugaða afgreiðslu umsóknar um starfsleyfi. Notendaráði er heimilt að veita skriflega umsögn um umsóknina.

Í samræmi við það er er notendaráði fatlaðs fólks í Mosfellsbæ nú gefið tækifæri til þess. Umsögnin skal byggja á málefnalegum rökum.

Hyggist notendaráð veita umsögn um starfsleyfisumsókn í kjölfar tilkynningar þessarar, skal ráðið ákveða hvort og þá hvaða gögn eða upplýsingar það vill kanna betur og óska eftir þeim frá Gæða- og eftirlitsstofnun félagsþjónustu og barnaverndar eða frá umsækjanda sjálfum. Gera þarf grein fyrir því með skýrum hætti hvaða gagna eða upplýsinga er óskað.

Umsögn notendaráðs skal send Gæða- og eftirlitsstofnun félagsþjónustu og barnaverndar innan fjögurra vikna frá því tilkynning um fyrirhugaða afgreiðslu á umsókn var send notendaráði. Samkvæmt því rennur umsagnarfræstur út þann 15. desember nk.

Að öðrum kosti verður gefið út starfsleyfi án umsagnar frá notendaráði.

Kveðja,
Rósa

Rósa Guðrún Sólberg, sérfræðingur / Senior Advisor

Gæða- og eftirlitsstofnun félagsþjónustu og barnaverndar / Care Quality Inspectorate for social services and child protection

Skógarhlíð 6, 105 Reykjavík, Iceland

Sími / Tel: (+354) 545 8100 .

www.stjornarradid.is - [Fyrirvari/Disclaimer](#)

Vinsamlegast hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður / Please consider the environment before printing